

**FJALLSKILABOÐ**  
**fyrir Þverárhrepp hinn forna, haustið 2012**

Laugardaginn 15. september 2012 skulu fara fram göngur og önnur fjallskil í Þverárhreppi hinum forna, svo sem hér segir:

**TUNGUNA:**

**Leiti 4 menn:** 2 frá Geir Tjörn, 2 frá Baldri Saurbæ og sé Baldur þar gangnastjóri.

**ÚTFJALLIÐ:**

**Leiti 14 menn:** 1 frá Baldri Saurbæ, 2 frá Ægissíðubúinu, 1 frá Viðari N-Þverá, 1 frá Báru Hólum, 1 frá Valdimar Kistu, 1 frá Systrum og svilum E-Þverá, 2 frá Jakobi Þorfinnsstöðum, 1 frá Guðmundi Krossanesi, 1 frá Guðmanni Harastöðum 3 frá Halldóri Súluvöllum og sé Halldór þar gangnastjóri.

**FRAMFJALLIÐ:**

**Leiti 15 menn:** 5 frá Konráði Böðvarshólum, 4 frá Kristjáni Breiðabólstað, 1 frá Guðmundi Jóhannessyni, 1 frá Eggerti Klömbrum, 2 frá Birni Bjarghúsum, 2 frá Hjalta Hvoli og sé Hjalti þar gangnastjóri.

**ÞVERÁRGIL, KAMBAR:**

**Leiti 2 menn:** 2 frá Kristjáni Breiðabólstað.

**KVÍYNDIÐ:**

**Leiti 4 menn:** 2 frá Systrum og svilum E-Þverá, 2 frá Viðari N-Þverá og sé Viðar þar gangnastjóri.

**AFRÉTTARDALI:**

**Leiti 3 menn:** 3 frá Lofti Ásbjarnarstöðum og sjái Loftur um starfið.

**ÁSABÆI:**

**Leiti 8 menn:** 2 frá Birni Stóru-Borg 1 frá Guðmanni Harastöðum 1 frá Viðari Neðri-Þverá, 1 frá Vilhjálmi Péturssyni Stóru-Borg, 3 frá Jakobi Þorfinnsstöðum og sé Jakob þar gangnastjóri.  
Og ákveði gangnastjóri í samráði við hlutaðeigandi hvenær smölun fari fram.



## HROSSASMÖLUN:

Ákveðið er, að skilarétt á hrossum verði laugardaginn 29. September nk. og hefjist kl. 12:30. Ókunnum hrossum sem kunna að koma fyrir á bæjum í smalamennsku fyrir réttirnar, sé komið í Þverárrétt.

Ennfremur er bændum heimilt að reka hross sín þann dag í réttina, til sundurdráttar og sýnis, eins og verið hefur.

---

Konráð P Jónsson.

---

Halldór Pálsson.

---

Björn Viðar Unnsteinsson.